

## AUGLÝSING

183

15. nóv.

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

184

27. nóv.

um skyldusparnað.

### 1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16 til 25 ára er skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabyggingar eða bústofnunar í sveit.

### 2. gr.

Sparifé, samkv. 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðan en 31. des. ár hvert, vegna slíkra tekna á því ári. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miðað við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

### 3. gr.

Póststjórnin gefur út sparimerki og sparimerkjabækur. Félagsmálaráðuneytið ákveður verðgildi sparimerkja. Þar til gerð hafa verið sérstök sparimerki, skal nota orlofsmerki, sem yfirprentuð eru með orðinu: Sparimerki, og skal verðgildi þeirra óbreytt.

Sparimerkjabók skal vera í líku formi og tékkhefti, þannig að hverju blaði bókarinnar, sem vera skal með riflínu, fylgi fastur stofn. Á stofni hvers blaðs, skal vera kvittana- og vottorðseyðublað, en sparimerki skal líma á hinn hluta blaðsins í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Á þeim hluta blaðsins, sem sparimerki skal líma á, skal vera eyðublað fyrir vottorð póstmanns, sbr. 7. og 8. gr. Í vottorði þessu skal greina nr. sparimerkjabókar, nafn bókaeiganda, heimilisfang hans, hvort sparimerki hafi verið greidd, samkvæmt undanþágu og heimildar þá getið. Loks skal vera yfirlýsing póstmanns um, að hann hafi sjálfur rifið sparimerkjablaðið úr bókinni.